

210. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs. 27. desember 2011, kl. 14:00 á Austurvegi 56.

Mættir: Ari Thorarensen og Guðmundur Tryggvi Ólafsson og í síma Gunnar Þorgeirsson, Aldís Hafsteinsdóttir og Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.

1. Hluthafafundur í Orkugerðinni 29. desember 2011.

Farið var yfir málefni Orkugerðarinnar, en endurfjármögnun fyrirtækisins hefur staðið yfir í nokkurn tíma en fyrirtækið var keypt fyrir erlent lán fyrir hrún.

Boðað hefur verið til hluthafafundar hjá Orkugerðinni 29. desember 2011 þar sem tekin verður fyrir tillaga stjórnar um lækkun á hlutafé félagsins að fullu til að mæta tapi á rekstri þess, einnig verður tekin fyrir tillaga um heimild til stjórnar um til að hækka hlutafé félagsins um allt að 10 milljónir vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar félagsins.

Stjórn SOS samþykkir fram komnar tillögur með fyrirvara um samþykki aukaaðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands bs.

Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands boðar til aukaaðlafundar þann 17. janúar 2012, kl 14:00 þar sem tekin verður fyrir tillaga um hlutafékaup í Orkugerðinni ehf.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15:00